

Skólaráðsfundur 14. nóvember 2018

Fundinn sátu: Sólveig Arna Ingólfssdóttir, Vildís Björk Bjarkadóttir, Valborg Hjálmarsdóttir, Þ. Sandra Magnúsdóttir, Lydía Ósk Jónasdóttir, Óskar G. Björnsson, Hallfríður Sverrisdóttir (fundarritari), Þórður Sigurðsson 10. bekk og Una Karen Guðmundsdóttir 7. bekk.

- Rætt um fjárhagsáætlun 2019 og ályktun frá skólaráði.
- Óskar kynnti fyrirkomulag á friðargöngu og opnu húsi í skólanum 1. desember, en friðargangan verður nú á laugardegi og öllum opin.
- Jóladagskrá verður með hefðbundnum hætti, árshátíð 8. - 9. bekkjar er nú í undirbúningi, jólabingó 10. bekkjar og Lúsíuhátíð 6. bekkjar verða einnig á dagskrá.
- Fyrirspurn kom fram um leikföng til notkunar úti í frímínútum, en þau eru orðin af skornum skammti. Einnig spurt um leiktækin sem skólinn á og ekki hafa verið sett niður aftur. Rætt um að ítreka að gert verði ráð fyrir leiktækjunum í fjárhagsáætlanagerð fyrir næsta ár.
- Umræða um kofa sem settur var niður með stöðuleyfi á lóð skólans á vegum íþróttahúss eða íþróttafélags. Kofinn þykir ekki vel staðsettur með tilliti til leiksvæðis nemenda.
- Umferðarmál í kringum skólann voru til umræðu, sérstaklega innakstur á svæði vestan við skólann, en gangbraut milli skólans og heimavistar er illa upplýst og skapast því hætta á morgnana. Rætt um að skólaráð sendi áskorun til foreldra varðandi umferðarmálin.
- A-álman var enn og aftur til umræðu og þörfin á að ítreka að eitthvað verði gert í málunum.
- Ábending kom frá nemendafulltrúa um skort á náms- og starfsráðgjafa í skólanum.

Áskorun frá skólaráði til foreldra:

Skólaráð skorar á foreldra að sýna ábyrgð í umferðar- og öryggismálum við Árskóla með því að keyra ekki inn á lóð skólans heldur nota sleppisvæði við Skagfirðingabraut. Akstur inn á bílastæði austan og vestan við skólahúsið, þegar börnum er ekið til og frá skóla á háannatíma, skapar umferðaröngþveiti og óþarfa hættu fyrir börnin okkar.

Ályktun frá skólaráði:

Skólaráð Árskóla minnir á að halda vörð um skólann við gerð fjárhagsáætlunar 2019. Fjárhagsáætlanagerð síðustu ára hefur einkennst af auknu aðhaldi í rekstri skólans, en gæta verður að því að ganga ekki of langt í aðhaldi í rekstrinum á kostnað þess að halda úti góðri þjónustu. Sveitarfélagið er hvatt til þess að gera ráð fyrir fjármagni til að setja niður á lóð skólans þau

leiktæki sem skólinn á og verið hafa í geymslu á vegum sveitarfélagsins í mörg ár. Einnig er hvatt til þess að setja nauðsynlegt viðhald A-álmú skólans á framkvæmdaáætlun sem fyrst.